

Heimspeki með börnum

Kennsluleiðbeiningar með bókinni:

ÁSTARSAGA ÚR FJÖLLUNUM

Höfundur: Guðrún Helgadóttir
Myndir eftir Brian Pilkington

Gefið út 1981 af bókaforlaginu Iðunni, Reykjavík.

Lundarsel 2000-2001

Ástarsaga úr fjöllum

Ástarsaga úr fjöllum.

Gefin út 1981 af bókaforlaginu Iðunni, Reykjavík.

Þetta eru kennsluleiðbeiningar sem unnar voru í heimspekisamræðum við leikskólabörn í leikskólanum Lundarseli á Akureyri, út frá bókinni Ástarsaga úr fjöllum. Hugmyndir fylgja af ýmsum verkefnum sem hægt er að vinna út frá efni bókarinnar.

Sögusteinn/steinar.

- Eru til sögusteinar?
- Hvernig verða sögusteinar til?
- Hvað er sögusteinn?
- Hvernig eru sögusteinar?
- Hvar er hægt að finna sögusteina?
- Eru sögusteinar öðruvísi en aðrir steinar?
- Eru þeir allir eins á litinn?
- Eru þeir allir eins í laginu?
- Hver er ástæðan fyrir mismunandi lit, lögun, áferð, hljóðum o.fl?
- Geta sögusteinar verið bestu steinar á Íslandi?
- Geta steinar dáíð?
- Eru til bæði lifandi og dánir sögusteinar?
- Breytast steinar? Í hvað?
- Er hægt að elska sögustein?
- Er hægt að eiga stein að vini?
- Er hægt að skilja stein?
- Finna steinar til ef sparkað er í þá?
- Geta steinar stækkað?
- Geta steinar minnkað?
- Getur steinn verið skemmtilegur?
- Getur steinn verið ósýnilegur?
- Getur verið að allir steinar séu eitthvað annað en steinar?
- Er hægt að skilja steina?
- Hverjir skilja steina?
- Til hvers er hægt að nota steina?
- Getur fólk átt heima í steini?
- Eru einhverjir sem geta átt heima í steini?
- Geta tröll orðið að steini? Sbr. texti á bls. 12 í sögunni)
- Geta sumir steinar kannski verið tröll?
- Getur fólk orðið að steini?

Verkefni:

- Hvar fáum við fræðslu um steina?
- Fara í vettvangsferð og athuga hvort við finnum steina. Heita steinar eitthvað? Hvað ætli þeir heiti? Hver skírir þá? Hvernig ætli þeir verði til? Ætli þetta séu álfasteinar? Eða tröllasteinar?
- Skoða steinabók og finna nöfn steina sem börnin finna og fræðast um þá.
- Getum við fundið sögusteina í nágrenni við okkur?
- Eru einhverjir steinar óskasteinar?
- Eru óskasteinar öðruvísi en aðrir steinar? Hvernig?
- Setjast í hring með stein í lófanum og óska sér.
- Leyfa barninu að finna sér sinn „einkastein“, hægt að mála hann með steinamálningu í leikskólanum, heitir hann eitthvað, er hægt að finna nafn á hann, getur hann talað, leikið sér, getur hann hjálpað okkur að...o.s.frv.
- Er hægt að búa til einhverja „veru eða álf“ úr steininum, er hægt að búa til heimili handa honum, hvernig, hvar líður honum best, hvaðan kom hann, hvaða tónlist passar við hann, o.s.frv.
- Teikna eða mála sögustein á blað. Skíra hann.
- Þekkjum við einhvern sem heitir steinanafni?
- Hvað er hægt að finna mörg mannanöfn tengd steinum?
- Hvað er hægt að finna mörg nöfn sem tengjast steinum?
- Hvaða málshættir tengjast steinum?
- Búa til sögustein úr þeim efnivið sem er fyrir hendi, t.d. einingakubbum

Fólkið á Íslandi.

- Hvað er fólk?
- Er til alls konar fólk?
- Eru ekki allir eins?
- Af hverju er fólk, fólk?
- Hvernig er fólkið sem býr á Íslandi?
- Er fólkið á Íslandi öðruvísi en annarsstaðar?
- Eru Íslendingar útlendingar?
- Gera Íslendingar eitthvað sem útlendingar gera ekki?
- Getur fólk breyst í eitthvað annað?
- Er hægt að nota fólk?
- Getur fólk verið dýr?

Verkefni:

- Börnin teikna mynd af fólki sem býr á Íslandi og aðra af fólki sem býr í útlöndum. Skoðað og rætt hvort einhver munur er á eða hvort það þurfi að vera, bæði útlitslega eða að innræti.
- Börnin gera verkefni um Ísland. Hægt að taka hvaða landshluta sem er, einstaka atburði sögunnar eða atvinnuvegi og gera verkefni út frá þeim. Hægt er að fara í vettvangsferðir í tengslum við verkefnin, t.d. á Náttúrugripasafn eða Minjasafn.
- Börnin gera líkan af Íslandi. Gæti verið úr pappmassa eða mynd úr sagi. Málað á eftir.
- Börnin vinna með einhverja Íslendingasögu. Í Eyjafirði t.d. um landnám Helga magra og Þórunnar hyrnu. Vettvangsferðir farnar í tengslum við söguna.
- Börnin skoða bækur með myndum af fólki frá ýmsum tímum og bera saman hvort einhver breyting hefur orðið á því.

Huldufólk/álfar/tröll.

- Hvað er huldufólk?
- Er huldufólk/álfar/tröll til á Íslandi?
- En í útlöndum?
- Hvar á það heima?
- Getum við séð það? - Hvernig lítur það út?
- Er það öðruvísi en mannfólkið?
- Hvernig er það öðruvísi?
- Getur það talað? - Hvernig talar það?
- Skiljum við huldufólk/álfa/tröll?
- Hvað gerir huldufólkið/álfarnir/tröllin?
- Er huldufólk/álfar/tröll góð?
- Getum við verið vinir þeirra?
- Getur huldufólk/álfar/tröll breyst? Í hvað ?
- Eru álfar alvöru huldufólk?
- Hvernig vitum við að huldufólk/álfar/tröll er til?

Að búa í steini, hamri eða hól.

- Er hægt að búa í steini? Hvernig?
- Er hægt að búa í helli?
- Er hægt að búa í blómum?
- Er hægt að búa í vinum?
- Er hægt að búa í hólum?
- Er hægt að búa í tölvu?
- Er hægt að búa á sólinni?
- Er hægt að búa úti?
- Er hægt að búa hvar sem er?
- Er hægt að búa í engu?

Verkefni:

- Farið í vettvangsferð að einhverjum klettum eða steinum og reynt að finna líklega bústaði huldufólks, álfa eða trölla.
- Börnin skoða steinana. Líkjast steinarnir bústað álfa, eða líkjast þeir kannski tröllum? Tína steina og búa til tröll úr þeim þegar heim er komið.
- Hægt er að reyna að finna dyr á steinunum sem gætu verið inn í álfabústaði.
- Börnin teikna myndir af bústöðum þeirra.
- Búa til sögur um álfa, huldufólk eða tröll og leika þær í samverustund eða á sal.
- Hægt er að búa til bústaðina úr einingakubbum, teppum og húsgögnum eða annars konar efnivið.
- Gera tröll, álfa og/eða huldufólk úr leir, trölladeigi, pappamassa, steinum eða annarskonar efnivið.
- Eru einhverjir staðir á leikskólalóðinni sem gætu verið bústaðir álfa/huldufólks eða trölla? Ef svo er má prófa að skilja eitthvað eftir til að gefa íbúunum og athuga hvort það hverfur.

Að þykja vænt um.

- Hvað er að þykja vænt um einhvern?
- Hvernig þykir manni vænt um einhvern?
- Er hægt að vita þegar einhverjum þykir vænt um mann?
- Er hægt að þykja vænt um ljótan hund?
- Er hægt að þykja vænt um hús?
- Er hægt að þykja vænt um stein?
- Getur manni þótt vænt um tröll?
- Er hægt að þykja vænt um ekki neitt?

Verkefni:

- Unnið með ýmis verkefni sem tengjast vináttu og hjálpssemi.
- Börnin nudda fæturna hvert á öðru með kremi. (má sleppa kreminu)
- Börnin sitja í halarófu og nudda axlirnar hvert á öðru.
- Börnin búa til sögu/ljóð um vináttu og kærleika.
- Allir sitja í hring og eiga að segja eitthvað fallett við barnið sem situr næst þeim og svo koll af kolli.
- Börnin flétta vinabönd og gefa hvort öðru.
- Leikið leikrit um Mjallhvít og dvergana sjö.

Að vera hræddur við eitthvað.

- Getur maður orðið hræddur?
- Hvað er að vera hræddur?
- Hvernig verður einhver hræddur?
- Er sama að vera hræddur og dauðhræddur?
- Geta allir orðið hræddir?
- Geta steinar orðið hræddir?
- Geta blóm orðið hrædd?
- Getur Tarsan orðið hræddur?
- Er hægt að vera hræddur við allt/ekkert?
- Getur maður hætt að vera hræddur?
- Er hægt að verða aldrei hræddur?

Getum við orðið hrædd við:	Já	Nei	Af hverju?
Tröll			
Annað fólk			
Dýr			
Snjó			
Bíla			
Hafið			
Himininn			
Hugsun			

Að vera óþægur.

Bls. 5

- Hvað er óþægð?
- Hvaðan kemur óþægðin?
- Af hverju er einhver óþægur?
- Geta börn verið óþæg?
- Hvernig er það þegar einhver er óþægur?
- Hvað gerist ef við erum óþæg?
- Geta pabbar og mömmur verið óþæg? Hvernig?
- Geta dýr verið óþæg?
- Geta steinar verið óþægir?
- Geta tröll verið óþæg?
- Getur sólin verið óþæg?
- Er hægt að vera aldrei óþægur?
- Hvað getum við gert til að vera aldrei óþæg?
- Hvernig líður þeim sem er óþægur?
- Getum einhver hætt að vera óþægur?
- Getum við málað óþægð?
- Getum við fundið lykt af óþægð?

Verkefni:

- Lesa bækur um óþæg börn.
- Börnin skoða sig í spegli og athuga hvort einhver ákveðin svipbrigði fylgi því að vera óþægur.
- Börnin teikna/mála óþægð.

Að vera hirðusamur og þrifinn.

- Hvað þýðir það ef einhver er þrifinn?
- Hvernig er hægt að vera þrifinn?
- Til hvers á að vera þrifinn?
- Er það eins að vera þrifinn og þrifalegur?
- Geta kindur/kettir verið þrifin?
- Geta menn verið þrifnir?
- Geta tré verið þrifin?
- Geta steinar verið þrifnir?
- Er það það sama að vera hirðusamur og þrifin?
- Geta sumir verið þrifalegir og aðrir ekki?
- Ef aldrei er þrifið hvað gerist þá?
- Gerist eitthvað ef við förum aldrei í það?
- Er hægt að sjá á fólki hverjir eru þrifalegir og hverjir ekki? Hvernig?

Að vera sóði.

- Hvað er að vera sóði?
- Hvernig eru sóðar?
- Geta allir verið sóðar?
- Geta gamlar konur/karlar verið sóðar?
- Geta dýr verið sóðar?
- Geta hús verið sóðar?
- Geta bílar verið sóðar?
- Geta steinar verið sóðar?
- Hvað gerist ef einhver/allir eru sóðar?
- Er hægt að hætta að vera sóði? Hvernig?
- Hvaða munur er á því að vera sóði og vera sóðalegur?
- Er hægt að sjá hverjir eru sóðar? Hvað sjáum við?

Verkefni:

- Fara með börnin út og ganga um umhverfið og skoða hvað er mikið rusl í kringum okkur.
 - Tína rusl í poka. Taka það, skoða og ræða um hvaðan það kemur.
 - Hverjir eru líklegir til að haf hent því frá sér? Er því hent í hugsunarleysi, (t.d. bréf utan af sælgæti, gosdósir/flöskur, pappír o.s.frv).
 - Líma og/eða hengja það sem safnað var á pappa og hafa til sýnis.
- Fara í heimsókn á sorpurðunarstöðvar og/eða í endurvinnslu og fræðast um hvað er þar og hvert hægt er að fara með allt rusl sem fellur til.

Að vera latur.

- Hvað er að vera latur?
- Hvernig verður maður latur?
- Er gott/vont að vera latur?
- Má einhver vera latur?
- Eru allir einhvern tíman latir?
- Hvað gerist ef einhver er latur?
- Geta allir verið latir?
- Geta steinar verið latir?
- Geta börn verið löt?
- Geta pabbar og mömmur verið löt?
- Geta bílar verið latir?
- Er hægt að vera aldrei latur?

Er einhver latur ef hann:	Já	Nei	Hvers vegna/ hvers vegna ekki?
Horfir alltaf á sjónvarpið?			
Borðar ekki matinn?			
Burstar ekki tennurnar?			
Klæðir sig ekki í fötin sín?			
Gefur ekki öndunum?			
Hlýðir ekki?			
Lagar ekki til?			
Horfir ekki á sjónvarp?			

- Hvað er að nenna ekki einhverju?
- Er alveg það sama að nenna ekki einhverju og vera latur?

Að elda mat.

- Til hvers þarf að elda mat?
- Hvað gerist ef einhver eldar ekki mat?
- Þarf að elda matinn áður en hann er borðaður?
- Þurfa allir að borða?
- Er hægt að elda ekki mat í 100 ár?
- Getur einhver orðið svangur?
- Hvernig er að vera svangur?
- Eru einhverjir alltaf svangir?
- Geta blóm orðið svöng?
- Geta steinar orðið svangir?

Eldgos.

- Hvað er eldgos?
- Hvernig verður eldgos til?
- Þegar það er eldgos í fjöllumum, hvað er þá að gerast í fjallinu?
- Af hverju kemur eldgos?
- Hver á eldgos?
- Er hægt að stoppa eldgos?
- Er vont ef það kemur eldgos?
- Hvernig er eldgos á litinn?
- Er hægt að koma við eldgos/hraun?

Verkefni:

- Skoða bækur um eldgos.
- Mála eldgos.
- Fara í vettvangsferð og reyna að finna hraunsteina sem myndast við eldgos.
- Mála hraunsteina sem börnin finna.
- Búa til eldgos úr pappmassa og/eða leir.

Jarðskjálfti.

- Hvað er jarðskjálfti?
- Geta komið jarðskjálftar?
- Hvernig/hvaðan koma jarðskjálftar?
- Af hverju koma jarðskjálftar?
- Hvernig veit maður að það er jarðskjálfti?
- Hvað gerist þegar það kemur jarðskjálfti?
- Getur komið jarðskjálfti ef tröllin faðmast og kyssast? (sbr texti á bls.7)
- Hver á jarðskjálfta?
- Er hægt að stoppa jarðskjálfta?
- Eru jarðskjálftar og eldgos það sama?

Vondur.

- Hvað er að vera vondur?
- Hvernig er sá sem er vondur?
- Hvernig vitum við ef einhver er vondur?
- Geta allir verið vondir?
- Er hægt að vera aldrei vondur?
- Geta dýr verið vond?
- Geta hús verið vond?
- Geta bílar verið vondir?
- Geta steinar verið vondir?
- Hvað gerist ef einhver/allir eru vondir?
- Er hægt að hætta að vera vondur? Hvernig?
- Er eitthvað vont við blóm?
- Er eitthvað vont við sólina?
- Er eitthvað vont við nammi?
- Er eitthvað vont við börn?
- Er eitthvað vont við fullorðið fólk?
- Er eitthvað vont við heiminn? (Sbr. Bullukolla bls. 59)
- Er eitthvað vont við tröll?

Hvað er vont við	Útskýring:
Fiska?	
Að meiða sig?	
Stríðni?	
Heiminn?	
Vini?	
Leikskólann?	
Sjúkrahús?	
Fótbolta?	
Kónguló?	

Elskast.

- Hvað er að elskast?
- Hvað þýðir það að elskast?
- Elskar maður alltaf einhvern/eitthvað?
- Af hverju elskar maður?
- Hvað gerist ef maður elskar ekkert?
- Finnur maður til ef maður elskar einhvern? (Sbr. bls. 9)
- Hvernig vitum við að við elskum einhvern/eitthvað?
- Er það sama að elska og að þykja vænt um?
- Getur einhver elskað sjálfan sig?
- Getur maður elskað kjötbollu?
- Getur maður elskað stein?
- Getur maður elskað dýr?
- Getur maður elskað tröll?
- Getur maður elskað blóm?
- Getur maður elskað dúkku?
- Getur maður elskað bíl?
- Getur maður hætt að elska eitthvað/einhvern?

Faðmast.

- Hvað er að faðmast?
- Er gott að faðmast?
- Af hverju faðmar maður?
- Hverja faðmar maður?
- Vilja allir láta faðma sig?
- Getur verið vont að faðmast?
- Er það sama að faðmast og elskast?
- Hvað myndi gerast ef við mundum aldrei faðma neinn?
- Geta allir faðmast?
- Geta kettir faðmast?
- Geta ský faðmast?

Verkefni:

- Lesa bækur um vináttu og ræða hana.
- Teikna vináttuna.
- Búa til vinabönd og skiptast á þeim innan hópsins.
- Teikna eða skrifa bréf og senda börnum á annari deild innan leikskólans eða börnum á einni deild í öðrum leikskóla.
- Fara í vettvangsferð og heimsækja börnin í vinaleikskólanum.
- Tengjast öðrum leikskóla út á landi með ýmsum samskiptum s.s. bréfum, teikningum, gjöfum sem börnin búa til o.s.frv.
- Setja upp brúðuleikrit um vináttuna. Börnin semja sögu (leikrit) um vináttu, búa til leikbrúður í samræmi við persónur sögunnar (leikritsins) og leika það fyrir aðra á deildinni eða í leikskólanum.

Heimsk.

- Hvað er að vera heimsk?
- Hvenær er maður heimskur?
- Ef við vitum ekki eitthvað erum við þá heimsk?
- Er vinur minn heimskur ef ég held að hann sé heimskur?
- Er ég heimskur ef mamma mín heldur að ég sé heimskur?
- Er ég heimskur ef vinur minn heldur að ég sé heimskur?
- Er ég heimskur ef ég held að ég sé heimskur?
- Ef við getum ekki talað erum við þá heimsk?
- Ef við látum alltaf illa erum við þá heimsk?
- Erum við heimsk ef við eyðileggjum eitthvað?
- Ef við gerum eitthvað óvart erum við þá heimsk?
- Geta dýr verið heimsk?
- Getur vatn verið heimskt?
- Getur sólin verið heimsk?
- Getur einhver hætt að vera heimskur?

Að vera skotin í einhverjum.

- Hvernig verður maður skotinn í einhverjum?
- Hvað er að vera skotinn í einhverjum?
- Til hvers er maður skotinn í einhverjum?
- Er það að vera skotinn í einhverjum það sama og elska einhvern?
- Finnur maður til ef maður er skotinn í einhverjum?
- Getur bíll verið skotinn í öðrum bíl?
- Getur steinn verið skotinn í blómi?
- Getur steinn verið skotinn í öðrum steini?
- Getur tómatur verið skotinn í gúrku?

Langt, langt í burtu.

- Hvað er það að vera langt í burtu?
- Er það það sama að vera langt í burtu og langt, langt í burtu?
- Getum við verið langt í burtu? Hvernig?
- Getum við verið hér, en samt langt í burtu?
- Getum við verið hér en hugurinn okkar langt í burtu?
- Hvað er langt í burtu?
- Er Reykjavík langt í burtu?
- Eru útlönd langt í burtu?
- Er sólin langt í burtu?
- Er Akureyri langt í burtu

Verkefni:

- Börnin velja sér hvert og eitt ákveðinn stað í herberginu. Skoða síðan og ræða hverjir eru langt í burtu og hverjir stutt. Hvaða barn er lengst frá X og hvaða barn er styst frá X. (Ræða fjarlægðir út frá því við hvað miðað er í hvert sinn).
- Fara í leik. Börnin velja sér stað í herberginu. Einn er með bolta og hendir til þess sem er lengst/styðst/næst lengst í burtu. Börnin færa sig til eftir hvert skipti. Skiptast einnig á að vera með boltann.
- Fara í gönguferðir og skoða fjarlægðir. Hvað er langt í burtu og hvað er stutt. (Allt afstætt eftir því hvað við erum að skoða).
- Skoða landakort af Íslandi og sjá hvaða staðir eru stutt í burtu og hvaða staðir eru langt í burtu.
- Skoða hnöttinn (líkan af jörðinni) og sjá hvernig hann lítur út. Hvaða lönd eru lengst frá Íslandi og hver eru næst okkur?

Titra og skjálfa

- Hvað gerist þegar eitthvað titrar?
- Hvað gerist þegar eitthvað skelfur?
- Er alveg það sama að titra og að skjálfa?
- Getur himininn titrað og skolfið?
- Getur fólk titrað og skolfið? Hvenær?
- Er vont að titra og skjálfa?
- Getur jörðin titrað og skolfið? Hvenær?
- Geta veggir titrað og skolfið?
- Geta dýr titrað og skolfið?
- Geta bílar/flugvélar titrað og skolfið?

Nótt

- Hvað er nótt?
- Hvaðan kemur nóttin?
- Hver býr til nóttina?
- Til hvers er nóttin?
- Þurfum við að hafa nótt?
- Hvernig vitum við að það er nótt?
- Er nóttin dimm/þjört?
- Er ljós á næturnar?
- Er nóttin löng?
- Hvað gerum við á næturnar?
- Sofa allir á næturnar?
- Er hægt að sofa á daginn? Hvernig?
- Er nóttin lengri á veturna en sumrin?
- (sbr. textinn í bókinni bls. 9) Hvernig?
- Er einhverntíman aldrei nótt?
- Hvernig væri ef enginn nótt væri til?
- Hættir nóttin einhverntíman að vera nótt?
- Hvert fer hún þá?

Verkefni:

- Mála nótt. (Hafa öll börnin hana dökka?)
- Getum við búið til nótt hjá okkur? Hvernig? Fá hugmyndir hjá börnunum um það hvernig við getum gert þetta og framkvæma þær sem hægt er. Getum notað teppi og fl. til að myrkva. Vera tilbúin með vasaljós og t.d. lesa sögu inni í húsi sem gert væri úr teppum og stólum/borðum.
- Hafa bjart, en samt er nótt. (Hvað er gert þá?)
- Tjalda inni í einu herbergi og leyfa börnunum að leika sér frjálst þar. Einnig að vera með vasaljós og lesa/sofa þar.

Að eignast börn

- Hvað er að eignast börn?
- Hverjir eignast börn?
- Geta allir átt börn?
- Er hægt að eignast 8 börn í einu?
- En 8 stráka í einu?
- Hve mörg börn er hægt að eignast í einu?
- Geta bara tröll átt mörg börn í einu?
- Geta kindur átt börn?
- Geta steinar átt börn?
- Getur sólin eignast börn?

Ljótt

- Hvað er það, þegar eitthvað er ljótt?
- Hvernig getum við vitað að eitthvað er ljótt?
- Er hægt að eignast ljót börn?
- Geta kannski bara tröllabörn verið ljót?
- (Sbr. textinn í sögunni bls. 11)
- Getur fólk verið ljótt?
- Hvernig getur fólk verið ljótt?
- Er það það sama að vera ljótur og vera óþægur?
- Er fólk ljótt ef það er handleggsbrotið/fótbrotið/með marblett?
- Er fólk ljótt ef það þvær/greiðir/ sér ekki?
- Er fólk ljótt ef það er fatlað?
- Ef að mér finnst eitthvað ljótt, finnst vini mínum það ljótt líka?
- Geta steinar verið ljótir?
- Geta blóm verið ljót?
- Geta bílar verið ljótir?

Verkefni:

- Lesa sögur um fólk sem verður útundan í lífinu. T.d. spjalla við börnin út frá sögunni Hringjarinn frá Notre Dam (mikið af myndum sem hægt er að tala út frá og reynsla er af að veki athygli hjá börnum), Litlu Ljót o. fl.
- Ræða um einelti og það að vera vondur við einhvern.
- Hlusta á diskinn, horfa á myndbandið um Ávaxtakörfuna, Lion King o.fl. Umræður á eftir.

Flengja

- Hvað er að flengja einhvern/eitthvað?
- Má flengja?
- Hvernig flengir maður?
- Er það það sama að flengja einhvern og slá/lemja einhvern?
- Af hverju er verið að flengja?
- Er vont að vera flengdur?
- Er hægt að flengja hunda?
- Er hægt að flengja bíla?
- Er hægt að flengja tré?

Hugsa

- Hvað er hugsun?
- Hvaðan kemur hugsunin?
- Hvernig getur einhver hugsað?
- Hver lætur okkur hugsa?
- Getum við séð hugsun?
- Geta allir hugsað?
- Getur snjór hugsað?
- Getur tölva hugsað?
- Getum við haldið á hugsun?
- Heyrist eitthvað þegar við hugsum?(Sbr. textinn í bókinni bls. 12)
- Þurfum við alltaf að hugsa?
- Getum við hætt að hugsa?
- Hvað gerist ef við hættum að hugsa?
- Er hættulegt að hugsa ekki?
- Getur verið sárt að hugsa?
- Getur hugsun ferðast langt í burtu? (Sbr. textinn í bókinni á bls. 10)

Verkefni:

- Hvernig lítur hugsun út?
- Hvernig er hugsunin á litinn? Börnin mála hugsun á blað.
- Börnin leggjast niður til að hugsa eitthvað í einrúmi (u.þ.b. 2 mín.). Mála eða teikna það sem þau hugsuðu á blað án þess að segja það. Síðan eiga börnin í hópnum að geta hvert hjá öðru hvað þau voru að hugsa (Börnin þurfa að rökstyðja af hverju þau halda að það sé nákvæmlega þetta sem hin voru að hugsa um). Einnig geta börnin sagt strax frá hvað þau voru að hugsa um.

Hamingjusamur

- Hvað er hamingja?
- Getum við séð hamingjuna?
- Hvað þýðir það að vera hamingjusamur?
- Er gott/vont að vera hamingjusamur?
- Er það eins að vera hamingjusamur og glaður?
- Hvernig er maður þegar maður er hamingjusamur?
- Hvernig vitum við að við erum hamingjusöm?
- Getum við séð það þegar einhver er hamingjusamur? Hvernig?
- Er maður alltaf hamingjusamur?
- Er í lagi að vera ekki alltaf hamingjusamur?
- Hvað þarf að gera svo maður verði hamingjusamur?
- Geta allir verið hamingjusamir?
- Geta dýr verið hamingjusöm?
- Geta tré verið hamingjusöm?
- Getur tölva verið hamingjusöm?

Verkefni:

- Hvernig lítur hamingja út?
- Hvernig er hamingja á litinn?
- Mála eða teikna hamingju á blað.
- Mála eða teikna mynd sem sýnir fólk hamingjusamt.
- Börnin standa fyrir framan spegil og sýna hvernig þau eru á svipin þegar þau eru hamingjusöm. Einnig gætu þau leikið með látbragði hvernig þau hegða sér þegar þau eru hamingjusöm.
- Er til tónlist sem hljómar eins og hamingjan eða gerir mann hamingjusaman?
- Finna tónlist sem hljómar eins og hamingjan.

Hreykinn

- Hvað þýðir það að vera hreykinn?
- Er það eins að vera hreykinn og montinn?
- Geta tröll bara verið hreykin?
- (Sbr. textinn á blaðsíðunni)
- Geta allir verið hreyknir?
- Geta dýr verið hreykin?
- Geta hús verið hreykin?
- Hvenær erum við hreykin?
- Erum við alltaf hreykin?
- Megum við vera hreykin?
- Getum við vitað þegar við erum hreykinn? Hvernig?
- Er hægt að sjá þegar einhver er hreykin?

Lækir

- Hvað er lækur?
- Úr hverju eru lækir?
- Hvernig verða lækir til?
- Hver býr þá til?
- Hvaðan koma lækirnir?
- Geta lækir verið úr tröllamjólk? (Sbr. bls. 13)
- Til hvers eru lækir?
- Væri allt í lagi ef það væru engir lækir til?
- Getum við notað lækina eitthvað?
- Eru lækir hættulegir

Bls. 15

Vor

- Hvað er vor?
- Getum við séð vorið?
- Hvernig er vorið?
- Af hverju kemur vor?
- Hvernig vitum við að það er komið vor?
- Hvernig vitum við að vorið er ekki sumar?
- Er vorið öðruvísi en haustið og veturinn? Hvernig?
- Hver býr til vorið?
- Til hvers er vorið?
- Kemur alls staðar vor?
- Líka úti á sjó og í útlöndum?
- Er eitthvað gott/vont við vorið?
- Getum við þreifað á vorinu?
- Af hverju heitir vorið vor en ekki t.d. stjarna eða hveiti?

Verkefni:

- Er lykt af vorinu? Hvernig?
- Mála/teikna vorið og/eða lyktina af því.
- Börnin setja niður fræ og/eða plöntur í pott eða beð á leikskólalóðinni.
- Fara í vorferð í sveitina.
- Hægt er að vinna fuglaþema með börnunum, þar sem koma ákveðinna fugla til landsins boðar vorkomu. Ræða er um farfugla og staðfugla, einkenni þeirra og hvenær þeir koma og fara. Teknir eru sérstaklega fyrir fuglar sem koma á vorin.

Sólin

- Hvað er sól?
- Hvernig verður sólin til?
- Hver býr til sólina?
- Hvernig er sólin á litinn?
- Af hverju er sólin svona á litinn?
- Úr hverju er sólin búin til?
- Hvernig getur sólin verið svona björt?
- Þurfum við að hafa sól?
- Hvað gerir sólin?
- Er sólin alltaf á himninum?
- Getur sólin sest? (Sbr. textinn á bls. 16)
- Hvernig getur sólin sest?
- Getur slokknað á sólinni?
- Hvert fer sólin þegar hún sést ekki?

Land.

- Hvað er land?
- Hvernig verður land til?
- Hver býr til landið?
- Úr hverju er landið?
- Eru til mörg lönd?
- Hverjir eiga landið?
- Hvernig getur landið verið gott við þá sem búa þar? (Sbr. blaðsíðu 20 í sögunni)

•

Verkefni:

- Börnin skoða kort af Íslandi og ræða hvernig landið okkar lítur út. Hvernig eru fjöll, jöklar, ár og vötn merkt inn á kortið. Hvað af þessu er stærst og minnst.
- Börnin finna á kortinu hvar þau eiga heima og hvað er langt til annara staða sem þau hafa komið til og/eða staða þar sem þau t.d. þekkja einhvern og/eða eiga einhverja ættingja.
- Börnin teikna Ísland eða búa til líkan af því úr pappamassa, sagi eða öðrum tilfallandi efnivið. Mála líkanið síðan eftir sínum hugmyndum.

Fjallkona.

- Hvað er fjallkona?
- Hvernig kona er fjallkona?
- Úr hverju er fjallkona?
- Eru til margar fjallkonur?
- Eru til fjallkonur á Íslandi?
- Er fjallkona eins og aðrar konur?
- Hvar á fjallkonan heima?
- Í hvernig fötum er fjallkonan?

Verkefni:

- Teikna/mála fjallkonuna

Bls. 21

Snjórinn.

- Hvað er snjór?
- Hvernig verður snjórinn til?
- Hvaðan kemur snjórinn?
- Hver býr snjóinn til?
- Er gott að fá snjó?
- Getum við notað snjóinn?
- Getur snjórinn verið hlýr? (Sbr. textinn á bls. 21)
- Getur snjórinn verið úlpa/kápa?(Sbr. textinn á bls. 21)
- Af hverju er snjórinn hvítur?
- Hvert fer snjórinn þegar hann hverfur?
- Getur snjórinn orðið rauður/grænn/gulur?

Verkefni:

- Gera ýmsar tilraunir með snjóinn og láta börnin uppgötva sjálf hvað gerist við mismunandi aðstæður.
- Skoða snjóinn, úr hverju er hann?
- Hvað getum við gert í snjó? (Börnin komi með ýmsar hugmyndir sem síðan eru prófaðar).
- Þegar snjóar er þá hlýtt eða kalt úti?
- Hvernig þurfum við að klæða okkur þegar snjór er úti?
- Hvað gerist ef við setjum snjóinn í krukku (mishreinan snjó) og förum með hann inn yfir nótt?
- Skoða hvað er í krukkunni daginn eftir. Skoða óhreinindin í snjónum.
- Hvað gerist ef við förum með krukkuna út aftur í frost og látum standa yfir nótt. Verður þá aftur til snjór?
- Móta úr snjónum. Búa til engla og hvað sem börnunum dettur í hug

Hissa.

- Hvað er að vera hissa?
- Af hverju verðum við hissa?
- Hvernig erum við þegar við erum hissa?
- Getum við séð þegar fólk verður hissa?
- Er það það sama að vera hissa og undrandi?
- Geta dýr orðið hissa?
- Getur fjall orðið hissa?

Bls. 23

Hlakka til.

- Hvað er að hlakka til?
- Geta börn hlakkað til? En fullorðnir?
- Hvernig hlökkum við til?
- Getum við fundið þegar við hlökkum til? Hvernig?
- Er gott/vont að hlakka til?
- Geta allir hlakkað til?
- Getum við séð þegar einhver hlakkar til?
- Geta hundar hlakkað til?
- Getur vatn hlakkað til?
- Er það eins að hlakka til og vera glaður?